Syðri-Rauðalæk, 5. október 2026

Byggðaráð RY,
b/t Eiríks Vilhelms Sigurðarsonar, sveitarstjóra
Suðurlandsvegi 1 – 3
850 Hella

Efni: **Aðventuhátíð kvenfélagsins Einingar 2026 – styrkbeiðni**

Kvenfélagið Eining í gamla Holtahreppi, sem nú er hluti af Rangárþingi ytra, hefur allt frá árinu 2004 (að Covid árum undanskildum) haldið aðventuhátíð að Laugalandi í Holtum fyrsta sunnudag í aðventu. Markmiðið hátíðarinnar er að styðja við menningarstarf í sveitarfélögunum, kynna handverk og vera með viðburð í upphafi aðventu þar sem sveitungar og aðrir geta komið saman til að njóta þess sem í boði er og komast í jólaskap. Hátíðin er alla jafna vel sótt og ómissandi liður í jólaundirbúningi margra.

Hlutavelta Barnasjóðs Einingar er fastur dagskrárliður á aðventuhátíðinni, en allur ágóði af hlutaveltunni rennur óskiptur til málefna barna í sveitarfélaginu. Leikskólinn og grunnskólinn á Laugalandi hafa notið þess og einnig börn sem glíma við langvinn veikindi. Mikill metnaður er lagður í tombóluna og tekur það dágóðan tíma að undirbúa hana. Kvenfélagskonur safna gjöfum frá fyrirtækjum í Rangárvallasýslu og víðar og kaupa einnig varning fyrir peningagjafir. Verði á tombólumiðum er stillt í hóf og er vinningur á öllum miðum (engin „núll“).

Aðventuhátíðin verður að þessu sinni auglýst á samfélagsmiðlum og í Bændablaðinu.

Rangárþing ytra hefur styrkt aðventuhátíðina veglega undanfarin ár, með því að

1. láta kvenfélaginu í té húsnæði fyrir hátíðina að Laugalandi fyrstu helgina í aðventu (frá föstudagseftirmiðdegi út sunnudag), án endurgjalds og með
2. fjárframlagi sem rennur í Barnasjóð Einingar,

og kunnum við ykkur bestu þakkir fyrir.

Ég vil, fyrir hönd kvenfélagsins, kanna hvort sveitarfélagið er reiðubúið að styrkja aðventuhátíðina í ár með sambærilegum hætti og undanfarin ár, en fyrsta sunnudag í aðventu ber að þessu sinni upp 29. nóvember nk.

Undirbúningur vegna aðventuhátíðarinnar er þegar hafinn og við yrðum þakklátar ef hægt væri að svara beiðninni sem fyrst.

Með fyrirfram þökk,
fyrir hönd kvenfélagsins Einingar

Ragnh. Ragnarsdóttir

Ragnhildur Ragnarsdóttir
formaður